

Fyrirspurn fulltrúa B-lista um stöðu uppbyggingaráforma húsnæðis fyrir fatlað fólk í Rangárþingi.

Í stefnuskrá fulltrúa B-lista var lögð áhersla á að hlúa vel að öllum íbúum sveitarfélagsins óháð aldri, stétt eða stöðu. Einn af þeim mikilvægu þáttum sem við höfum lagt sérstaka áherslu á er að byggja upp búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í okkar góða sveitarfélagi.

Á síðasta kjörtímabili náðist merkur áfangi hér í Rangárþingi eystra þegar vinnustaður VISS hóf starfsemi sína en það er mikilvægur þáttur í þessum málaflökki. Vinnustaðurinn hefur vaxið og dafnað sem er mikið fagnaðarefni.

Nú er svo komið að uppbygging íbúðarhúsnæðis fyrir fatlað fólk þolir enga bið. Undirbúningsvinna við það hefur verið í pípunum um alllangt skeið en síðustu upplýsingar eru þessar sem borist hafa til okkar í gegnum fundargerðir Bergrisa og Arnardrangs sem lagðar hafa verið fyrir sveitarstjórn.

Á 257. fundi Byggðarráðs Rangárþings eystra þann 6. Júní 2024 barst ósk frá Arnardrangi hses. um samstarf við byggingu búsetuúrræðis fyrir fatlað fólk á vegum Bergrisans á Hvolsvelli eða nágrenni.

*Byggðarráð tók vel í erindið og bókaði eftirfarandi:*

*Byggðarráð fagnar ákvörðun Arnardrangs hses um uppbyggingu búsetuúrræðis fyrir fatlað fólk á Hvolsvelli. Uppbyggingu úrræðisins hefur verið í umræðunni um langt skeið og ljóst er að þörfin er til staðar. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði þátttaka í verkefninu og hlutur sveitarfélagsins með stofnframlagi verði samþykktur. Viðauki við fjárhagsáætlun verði unninn þegar ljóst liggur fyrir hver hlutur sveitarfélagsins verður.*

*Samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum.*

*Sveitarstjórn tók svo erindið fyrir á 328. fundi þann 13. Júní 2024 og bókaði eftirfarandi:*

*Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs og fagnar ákvörðun um uppbyggingu búsetuúrræðis fyrir fatlað fólk á Hvolsvelli. Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu með stofnframlagi sveitarfélagsins. Stofnframlag verður 12% af heildar byggingarkostnaði og gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun þegar ljóst liggur fyrir hver hlutur sveitarfélagsins verður.*

*Samþykkt með sjö samhljóða atkvæðum.*

Á 79. fundi stjórnar Bergrisans þann 2. desember 2024 samþykkti stjórnin að fara í viðræður við Brák íbúðafélag hses. um byggingu á nýjum búsetukjarna á Hvolsvelli. Er starfsfólki Bergrisans falið að hefja viðræður við forsvarsmenn Brákar.

Á 80. fundi stjórnar Bergrisans þann 13. Janúar 2025 var farið yfir helstu þætti í uppbyggingaráætlun Bergrisans, en þar kemur ekkert fram um uppbyggingu í Rangárpingi svo við spyrjum hvar málið er statt?

Er fyrirhugað að sækja um stofnframlag fyrir verkefnið næst þegar opnað verður fyrir umsóknir um stofnframlög nú árið 2025?

Hefur farið fram þarfagreining hjá Bergrisanum um hvað húsnæðið verður stórt og hve margar íbúðir verður um að ræða?

Þarf ekki að hefja undirbúning í sveitarstjórn Rangárpings eystra um staðsetningu þessa húsnæðis?

Bjarki Oddsson

Lilja Einarsdóttir

Rafn Bergsson